

7. júní 2011 | Aðsent efni | 682 orð | 1 mynd


## „Vinstri“ ríkisstjórn gegn atvinnulýðræði – nýfrjálshyggja í verki

Eftir Ívar Jónsson

Eftir Ívar Jónsson: "Kemur ráðherrann í veg fyrir að atvinnulýðræði verði að veruleika ... Menntamálaráðherra hefur í barnaskap sínum gerst málaliði nýfrjálshyggjunnar"

Félagshyggjufólk hefur löngum gagnrýnt hægrimenn fyrir að hindra framgang lýðræðis. Það er ekki nægilegt að innleiða formleg mannréttindi til að tryggja lýðræði. Meira þarf til. Möguleikar manna til að hafa áhrif á skoðanamyndun þurfa að vera jafnir til að sem flest sjónarmið séu virk í lýðræðislegri umræðu. Draga þarf úr möguleikum hinna efnameiri í samfélaginu og fyrirtækjum til að þjófstarta í skoðanamyndun og ákvarðanatöku samfélagsins. Lög eru m.a. sett til að draga úr svokölluðum „lobbyisma“ og áhrifum fjársterkra aðila á stjórnámamenn og löggjafann. Félagshyggjufólk hefur þannig reynt að skapa lýðræðinu raunverulegar forsendur með baráttu fyrir efnalegum jöfnuði í samfélaginu og takmörkunum á ofurvald auðvaldsins í samfélaginu. Jafnframt hefur verið lögð mikil áhersla á að þróa beint lýðræði í samfélaginu með þjóðaratkvæðagreiðslum og nærlýðræði með beinum atkvæðagreiðslum um einstök málefni innan svæða, borga, hverfa o.s.frv.

Þessi þáttur lýðræðisbaráttu félagshyggjufólks er áberandi í stjórnámamum á Íslandi í dag, en lýðræðisbaráttan einskorðast ekki bara við það sem hér hefur verið talið upp. Félagshyggjufólk hefur einnig barist fyrir því að fólk hafi áhrif á það umhverfi sem það eyðir oft á tíðum stærstum hluta ævi sinnar í. Baráttu fyrir atvinnulýðræði hefur því löngum verið mikilvægur hluti af markmiðum samtaka félagshyggjufólks. Í þessu sambandi má nefna hugmyndir Stefáns Jóhanns Stefánssonar, formanns Alþýðuflokksins, um að þjóðnýting fyrirtækja auðvaldsins verði að vera með þeim hætti að starfsmenn hafi völd í stjórnum þeirra.[1] Samvinnumenn börðust einnig fyrir atvinnulýðræði og lögðu áherslu á að efla framleiðslusamvinnufélögin, þ.e. fyrirtæki sem eru í



Ívar Jónsson

eigu starfsmanna og þeir stjórna sjálfir. Hannes Jónsson, sendiherra og Eysteinn Jónsson, formaður Framsóknarflokksins, voru ötulir baráttumenn á þessu sviði.

## Vintrimenn krefjast atvinnulýðræðis

Alþýðuflokkurinn, Alþýðubandalagið og Samfylkingin eru flokkar sem allir lögðu fram frumvörp og þingsályktanir á Alþingi sem ætlað var að koma á atvinnulýðræði á Íslandi. Listi þingmanna þessara flokka sem lögðu fram frumvörp og þingsályktanir um málið er langur. Nefna má ráðherra eins og Guðmund Árna Stefánsson, Jóhönnu Sigurðardóttur, Jón Baldvin Hannibalsson, Ragnar Arnalds, Sighvat Björgvinsson, Svavar Gestsson og Össur Skarphéðinsson. Á listanum eru þingmenn eins og Ágúst Einarsson, Árni Gunnarsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Ásta B. Þorsteinsdóttir, Bryndís Hlökkversdóttir, Gísli S. Einarsson, Helgi Hjörvar, Karvel Pálmason, Lúðvík Bergvinsson, Magnús H. Magnússon, Margrét Frímansdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Svanfríður Jónasdóttir og Vilmundur Gylfason.

Sumir þeirra sem á listanum eru settust í ráðherrastóla svokallaðrar „hreinnar vinstristjórnar“ og því héldu margir að nú færi eitthvað að gerast í atvinnulýðræðismálunum. Sérstaklega af því að atvinnulýðræði gengur þvert á hugmyndafræði nýfrjálshyggjunnar um að best sé að reka stofnanir og fyrirtæki ríkisins eins og um einkafyrirtæki væri að ræða með tilheyrandi einræði forstjóranna. Hugmyndafræði þessi hefur verið harðlega gagnrýnd af félagshyggjufólki, ekki síst á Bretlandi þar sem þessi „QUANGO-væðing“ hefur leitt til gifurlegrar spillingar, ofurlauna stjórnendanna og mun verri þjónustu við almenning en áður var.

## Menntamálaráðherra gegn atvinnulýðræði

OHF- og einræðisvæðing ríkisstofnana á Íslandi er dæmi um QUANGO-væðingu sem nýfrjálshyggjumenn hafa innleitt á undanförunum árum. Kjarninn í slíkri stefnu er að færa völdin til forstjóranna. Enn eitt dæmi af þessu tagi er nú á matseðli menntamálanefndar Alþingis. Að þessu sinni er rétturinn í boði VG, en það er menntamálaráðherra sem lagt hefur fram frumvarp um Landsbókasafn Íslands-Háskólabókasafn (LBS-HBS) sem á yfirborðinu virðist ætlað til að auka atvinnulýðræði. Í raun er þetta blekkingarfrumvarp sem vinnur gegn atvinnulýðræði. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir lagði fram sitt QUANGO-frumvarp árið 2008 um LBS-HBS, en í umsögnum sínum um það lögðu starfsmenn áherslu á að þeir fengju fullgilda fulltrúa í stjórn safnsins. Í frumvarpi Katrínar Jakobsdóttur er komið til móts við þetta sjónarmið og er gert ráð fyrir einum fulltrúa starfsmanna af 7 stjórnarmönnum. Semsagt, komið er lítillega til móts við atvinnulýðræðiskröfuna, en það merkilega er að frumvarpið gerir ráð fyrir að stjórnin muni aðeins hafa ráðgefandi hlutverk. Með þessu kemur ráðherrann í veg fyrir að þessi litli vísir að atvinnulýðræði verði að veruleika. Stjórn LBS-HBS er gerð valdalaus. Í staðinn er landsbókavörður gerður að einvaldi svo lengi sem hans æði er ráðherra þóknanlegt.

Menntamálaráðherra hefur í barnskap sínum gerst málaliði nýfrjálshyggjunnar. Það er von mín að félagshyggju- og lýðræðissinnar í Framsóknarflokknum og ríkisstjórnarflokkunum komi í veg fyrir að frumvarpið verði samþykkt á Alþingi.

[1] Sjá [www.felagshyggja.net](http://www.felagshyggja.net)

Höfundur er sviðsstjóri og er jafnræðissinni.

[mbl.is/Árvakur hf](http://mbl.is/Árvakur hf). © 2012 | Hádegismóum 2, 110 Reykjavík | sími 569-1100, símbref 569-1110 | fréttasími 569-1200